

# Fundargerð 12. fundar stjórnar Hundaræktarfélags Íslands starfsárið 2023-2024.

Þriðjudaginn 6. febrúar kl. 17:00 var haldinn tólfti fundur stjórnar Hundaræktarfélags Íslands.

Fundurinn var haldinn í húsnæði félagsins að Melabraut 17, 220 Hafnarfirði.

Mættar voru: Anna Guðjónsdóttir, Anna María Gunnarsdóttir, Erla Heiðrún Benediktsdóttir, Erna Sigríður Ómarsdóttir og Guðbjörg Guðmundsdóttir. Ágústa Pétursdóttir, framkvæmdastjóri, sat fundinn.

Anna Guðjónsdóttir ritaði fundinn.

## Dagskrá:

### 1. Erindi afgreidd á milli funda

Erindi barst frá sýningadómaranefnd um staðfestingu á eftirfarandi dómara réttindum:

- Ásta María Guðbergsdóttir: Griffon belge, Griffon bruxellois og Petit brabancon
- Lilja Dóra Halldórsdóttir: Dutch schapendoes, Long-haired pyrenean sheepdog og Pyrenean sheepdog, smooth faced.

Stjórn samþykkti réttindin og óskar þeim til hamingju.

## Deildarsýningar

Umsókn Terrierdeildar um deildarsýningu 7. september var samþykkt.

## Vinnuþróf ársins

Dagskrá vinnuþrófa (spor, hlýðni og rally hlýðni) var samþykkt með örlytlum breytingum.

## Veðiþróf retriever hunda

Dagskrá prófa samþykkt með fyrirvara um að hæfir fulltrúar HRFÍ finnist í prófin.

## **2. Melabraut 17**

Búið er að koma fyrir lyklaboxi fyrir lykil að salnum á Melabraut, lyklaboxið er tölukóðabox og fá leigjendur kóða sendan frá skrifstofu fljótlega eftir að bókun á sér stað. Með þessari breytingu verður auðveldara fyrir félagsmenn að nýta salinn og þurfa ekki að sækja lykla á opnunartíma skrifstofu. Þriftæki í salnum hafa verið bætt og er nú auðveldara fyrir leigjendur að þrifa salinn eftir notkun.

Rætt um lyklamál varðandi Sólheimakot. Stefnt er á að skipta um skrá og setja lyklabox á Melabraut, þá geta aðilar sótt og skilað lykli á Melabraut utan opnunartíma skrifstofu.

Verið er að fá tilboð í flokkunartunnur og ruslatunnur, en þörf er á stærri úti tunnum fyrir blandað sorp meðal annars.

Hurðamál eru í vinnslu, en skipta á um hurð framan á húsinu.

## **3. Kerfismál**

Nokkrar breytingar verða nú í gerðar í febrúar á kerfi félagsins, mest megnið snýst það að auðveldari bakvinnu varðandi sýningar en einnig varðandi úrslita kerfi sýninga. En nú verða sæti í ungliða tegundahópum skráð í kerfið sem og bestu ungliði sýningar. Þetta hefur ekki verið áður í kerfinu en verður frá og með mars sýningu félagsins. Á næstunni er stefnt á að kynna frekari breytingar á kerfinu sem nýtast félagsmönnum.

## **4. Hvolpasýning**

Hvolpasýning var haldin 27. janúar s.l. Sýningin gekk vel en hvolpasýning var í fyrsta sinn haldin í húsnæði félagsins. Ýmsir framtíðar möguleikar eru við að halda slíka sýningu aftur í húsnæðinu, þó með einhverjum breytingum og betrum bótum. Farið var yfir uppgjör frá sýningunni.

## **5. Aðalfundur 2024**

Kjörstjórn hefur verið skipuð og reglur um kosningar birtar. Ákveðið er að halda aðalfund 18. apríl í húsnæði félagsins. Ákvörðun tekin um að halda rafræna kosningar.

## **6. Norðurljósa sýning 2.-3. mars**

Rúmlega 1.100 hundar eru skráðir ásamt 26 ungum sýnendum. Undirbúnings vinna eru nú þegar hafin.

## **7. Erindi frá DESÍ, FHD og Vorsteh deild**

Erindið rætt, því verður svarað og fulltrúum deildanna boðið að mæta á fund.

## **8. Erindi frá retrieverdeild varðandi heilsufarskröfur**

Erindi sent til umfjöllunar ræktunar- og staðlanefndar HRFÍ.

## **9. BOAS**

Í vinnslu að fá aðila hingað til að byrja vinnuna með dýralæknunum. Vonast er til að fá inn aðila á næstunni.

## **10. Önnur mál**

Erindi frá Spanieldeild sent til sýningastjórnar til álits.

Áhugasamir aðilar í tegundahópi 2 verða boðaðir á fund til að reyna að endurvekja PMF deild og mögulega sameina deildir inn í þá deild til að gera hana virkari og sterkari.

Fundi slitið 18:45